

Útdráttur

Tilgangur þessarar B.Ed. ritgerðar er að kanna hvernig birtingarmynd lýðræðis kemur fram hjá börnum í leik og starfi. Skoðaðar eru hugmyndir fræðimanna John Dewey og Audrey Osler um lýðræði og stuttlega farið inn á kenningu fræðimannsins Piaget ásamt fleirum í ljósi kynjafræðinnar.

Lýðræði er mikilvægur þáttur í leikskólastarfi og þar á að kenna börnum lýðræðisleg vinnubrögð með því að hvetja börnin til þátttöku og frelsi til tjáningar. Hugtakið lýðræði er vítt hugtak en hefur ákveðin kjarna sem unnið er með í leikskólum. Í þessum kjarna felst meðal annars þátttaka barna í ákvörðunarferli leikskólans og að barnið finni að það tilheyri hópnum. Leikskólakennarar eru börnunum fyrirmynd og þurfa að huga vel að hvernig þeir skipuleggja starfið með lýðræði í huga. Einnig verður fjallað um félagslegan og sálfræðilegan mun á kynjunum. Kynntar verða helstu kenningar um félagsmótun kynjanna og skýringar þeirra á því hvernig börn læra kynbundna hegðun. Rannsóknir hafa sýnt að börn gjalda kynferðis síns í leikskólum og þjóðfélaginu öllu, því komið er fram við þau eftir hinum kynbundnu staðalmyndum. Breytinga er þörf í uppeldisgeiranum því taka verður mið að kynferði í uppeldisstarfi til að stuðla að jafnri stöðu kynjanna í þjóðfélaginu. Þannig fáum við út í þjóðfélagið sjálfsörugga einstaklinga, sem bera virðingu fyrir gagnstæðu kyni og standa jafnfætis í lífsbaráttunni, óháð kyni.

Abstract

The purpose of this B.A. thesis is to explore how children use and demonstrate democracy in their daily lives. The theories of John Dewey and Audrey Osler on democracy will be explored, and theories of Piaget, and others will be covered shortly with respect to gender studies.

Democracy is an important factor in preschool environment, and children should be taught how to work and act in a democratic way, by encouraging them to participate and express themselves. Democracy is a broad concept but has certain aspects to it that are commonly used in work with preschool children. These aspects are, that the children are included in the decision making process of the school and that the children feel that they belong to the group. The teachers are important role models and need to plan their work with respect to the democracy factor. We'll also look into the sociological and psychological differences of the sexes. The main theories of gender socialization and how these theories explain how children learn gender based behaviors. Research outcomes show that children suffer in school for their gender and throughout society because they are treated in compliance with gender stereotypes. Changes need to be made in the education society, because gender is an important factor that needs to be considered to ensure gender equality in the future. By doing that, our society gains confident individuals who respect the opposite gender and who have equal opportunities.